

MINNISBLAÐ

12. ágúst 2026

YTRI-2025-10-378

11.2 Leyfis- og skipulagsmál

Til: Hafnarfjarðarbær
Frá: Landsnet/Rut Kristinsdóttir

Efni: Ísallínur 3 og 4. Sjaldgæfar plöntur á áhrifasvæði. Vettvangsathugun Náttúrufræðistofnunar.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands (nú Náttúrufræðistofnun) um umhverfismatsskýrslu Landsnets vegna framkvæmda við Ísallínur 3 og 4, kom fram að þegar endanleg hönnun lægi fyrir yrði að taka framkvæmdasvæðið út af sérfræðingi. Skoða þyrfti hvort friðlýstar tegundir væru á því svæði sem kæmi til með að raskast og hvort tilefni væri til sérstakra aðgerða.

Landsnet óskaði eftir því við Náttúrufræðistofnun, snemma í vors 2026, að gerð yrði vettvangsathugun í samræmi við framangreint. Því miður varð ekki af þeirra athugun fyrir en í byrjun ágúst. Þar sem tafir urðu á vettvangsathuguninni, byggði hönnun á legu vegslóða og staðsetningu mastra, ekki á vettvangsathugun, en þess í stað almennum hönnunarforsendum, þar sem sneitt er hjá gjótum og óröskuðum svæðum.

Starfsmaður Náttúrufræðistofnunar Rannveig Thoroddsen, gekk áhrifasvæði framkvæmdarinnar þann 7. ágúst og leitaði eftir sjaldgæfum tegundum á svæðum sem fyrirhuguð eru undir mastraplön og slóða, þar sem búast má við varanlegu raski. Landsnet hefur fengið helstu niðurstöður vettvangsathugunarinnar í tölvupósti frá þeim sérfræðingi sem vann athugunina og byggir þetta minnisblað á þeim niðurstöðum. Auk þess var staðsetning plantanna merkt á meðfylgjandi uppdrátt. Náttúrufræðistofnun gerir ráð fyrir að skila lokaskýrslu um málið fyrir en í lok september. Landsnet telur hins vegar að helstu niðurstöður sem gert er grein fyrir í þessu minnisblaði séu fullnægjandi forsenda framkvæmdaleyfisumsóknar.

Blátoppa (*Sesleria albicans*) var eina válistategundin sem jafnframt er friðuð sem fannst á vettvangi, í rúmlega 100 metra frá línustæði (merkt með rauðum punkti á uppdrætti).

Aðrar sjaldgæfar plöntur sem fundust næst því svæði sem mun raskast eru:

- Fjöllaufungur (*Athyrium filix-femina*)
- Dílaburkni (*Athyrium filix-femina*)
- Þríhrynburkni (*Phegopteris connectilis*)

Burkarnir fundust í gjótum og var aðallega um að ræða fjöllaufung. Þeir hafa fremur takmarkaða útbreiðslu á landsvísi. Enginn þeirra er á válista eða friðlýst tegund.

- Melasól (*Papaver radicum*)

Melasólin er aðallega algeng á Vestfjörðum, utanverðu Snæfellsnesi og á Austfjörðum og því um að ræða frekar óvanalegan fundarstað.

Fundarstaðir nær allra þessara plantna eru í nálægð við framkvæmdasvæði Ísallínanna sem liggur næst Reykjanesbrautinni, á svæði þar sem nú þegar hefur verið raskað með slóðum og fleiru. Einn vaxtarstaður fjöllaufungs fannst við næst tengivirkinu í Hamranesi. Ekki fundust aðrir fundarstaðir þessara eða annarra sjaldgæfra plantna á mögulegu áhrifasvæði Ísallínanna.

Við hönnun vegslóða og mastrastæða hefur verið leitast við að forðast gjótur og óröskuð svæði, sem er vaxtarstaður þeirra burkna sem skráðir voru á svæðinu. Vaxtarstaður blátoppu, einu friðlýstu plöntunnar sem fannst er í 100 m fjarlægð frá næstu vegslóð. Á milli hans og vaxtarstaðs plöntunnar er óraskað svæði og þess verður gætt að þar verði ekki umferð tækja eða geymsla efnis.